

Tillaga til 493. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 7. apríl 2022

Tillaga frá 580. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 23. mars 2022, um að bæjarstjórn heimili uppskipti og stofnun lóðarinnar Bakka úr landi Hóls í Firði, Önundarfirði skv. umsókn.

17. Ósk um stofnun lóðar í landi Hóls í firði L141006 -Bakkar - 2022030084

Lagt fram erindi Jóns Grétars Magnússonar f.h. Jensínu Ebbu Jónsdóttur og Magnúsar Hrings Guðmundsonar, um ósk til að stofna lóð í landi Hóls í firði, ný landeign mun fá staðfangið Bakkar. Jafnframt lagt fram eyðublað um stofnun lóðar og tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir frístundahúsabyggð.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila uppskipti og stofnun lóðarinnar Bakka úr landi Hóls í Firði, Önundarfirði skv. umsókn.